

# Árt-2.b. Íslenska

Kennarar: Pálín Ósk Einarsdóttir; Þórrún Sigríður Þorsteinsdóttir

2

## Markmið með þessari lotu er að:

Er að vinna skv. hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla.

## Námsgögn sem við notum:

Umræður í heimakrók, frásagnir og leikir. Samvera: Taka þátt í samveru á sal skólans og sýna leikrit eða aðrar uppákomur fyrir áhorfendur. Lestur: Er æfður daglega í skóla og heima.

Unnið skv. vinnubrögðum Byrjendalæsis. Upprifjun stafa, orðaforði og ritun og skrift tengt bókum sem verið er að vinna hverju sinni, barnabækur.

Ritun: Er þjálfuð í sögubók, fimmorða bók og litlu sögubók og úrklippubók. Verkefnabækur eru: "Það er leikur að læra, 2". Góður, betri, bestur og skriftarbók.

Málfræði: Ritun og ritunarbækur (sögubækur).

## Kennsluhættir í lotunni:

- Kennsluhættir í anda Byrjendalæsis.
- Undirbúningur fyrir Samveru í formi leikrænnar tjáningar.
- Hlustun og umræður í Heimakrók.
- Leiðsagnarnám.
- Hlutverka- og hópeflisleikir.
- Spil og þrautalausnir.
- Frjáls ritun, upplestur og endursögn.
- Leitarlestur.
- Hugarkort og orðaleikir.

## Námsmat:

Lesferilspróf Menntamálastofnunar, að hausti, vetri og vori. Aston Index stafsetningarpróf á hvorri önn. Símat og leiðsagnarmat kennara.

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Málfræði

- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.

- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.